



Reglur um afslátt af fasteignaskatti hjá Grýtubakkahreppi 2024

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði sem eigandi býr sannanlega í skal lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum (með 75% örorku) samkvæmt eftirfarandi reglum:

75% lækkun:

Einstaklingar með tekjur allt að	kr. 5.500.000,-
Hjón með tekjur allt að	kr. 7.975.000,-

50% lækkun:

Einstaklingar með tekjur frá	kr. 5.500.001,- til kr. 6.270.000,-
Hjón með tekjur frá	kr. 7.975.001,- til kr. 8.800.000,-

Áður en lækkun á sér stað, þarf að sækja um lækkunina, skila staðfestu afriti af síðasta skattframtali (**þ.e. framtalið sem gert er sama ár og fasteignagjöldin eru lögð á**) og staðfestingu um örorkuprósentu með tölvupósti á netfangið sveitarstjori@grenivik.is eða á skrifstofu Grýtubakkahrepps fyrir 31. ágúst 2024.

Til tekna skv. reglum þessum teljast allar skattskyldar tekjur, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur, skv. framlögðu skattframtali.

Hjá hjónum eða sambýlisfólki sem er samskattað er veittur tilskilinn afsláttur þótt einungis annar aðilinn sé 75% öryrki eða orðinn 67 ára. Ef annar aðilinn andast á árinu helst afslátturinn út árið.

Komi til vafatriða eða ágreinings um túlkun á reglum þessum, sker sveitarstjórn úr.

Reglur þessar gilda fyrir árið 2024 og voru staðfestar af sveitarstjórn á fundi hennar 6. febrúar 2024.